

Bæjarstjórn - 25

FUNDARBOÐ

25. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, miðvikudaginn 15. maí 2024 og hefst kl.
17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2404007F - Dreifbýlisráð - 3**
Lögð fram fundargerð 3. fundar dreifbýlisráðs.
- 2. 2405000F - Bæjarráð - 22**
Lögð fram fundargerð 22. fundar bæjarráðs.

Erindi til kynningar

- 3. 2112008 - Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga**
Lögð fram fundargerð 947. fundar stjórnar sambandsins frá 19. apríl 2024.
- 4. 2405000 - Erindi frá HSH**
Lagt fram þakkerindi frá HSH til Sveitarfélagsins Stykkishólms.
- 5. 2405001 - Tengivegaáætlun**
Lögð fram samþykkt tengivegaáætlun Vegagerðarinnar fyrir árin 2024-2028.
- 6. 2404050 - Frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku)**
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku).
- 7. 2404049 - Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi**
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 8. 1909018 - Gjaldtaka bílastæða á hafnarsvæði**
Lögð fram tilboð og tillögur frá Parka lausnum og Green parking, að útfærslum á gjaldtöku fyrir bílastæði á hafnarsvæðinu í Stykkishólmi. Fulltrúar fyrirtækjana komu til

fundar við bæjarráð, á 20. fundi, og gerðu grein fyrir tillögum sínum. Málið var lagt fyrir á 6. fundi hafnarstjórnar.

Bæjarráð lagði, á 22. fundi sínum, áherslu á að settar verði upp þrjár greiðsluvélar á svæðinu, að lágmarki 2, og að gjaldtaka með myndavélum gæti hafist á næsta ári á svæði P3. Bæjarráð fól bæjarstjóra umboð til samningagerðar og eftir atvikum að leggja til við bæjarstjórn reglur og samþykkt um innheimtuna.

Lögð eru fram drög að gjaldskrá og reglum til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

9. 2208037 - Beislun sjávarorku til raforkuframleiðslu

Á 2. fundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar gerði bæjarstjóri grein fyrir fundi sínum og formanns atvinnu- og nýsköpunarnefndar með stjórnarformanni Sjávarorku ehf. ásamt fulltrúum Orkusölnunnar og Landsvirkjunar þar sem rædd var aðkoma Sjávarorku, Landsvirkjunar og Orkusölnunnar að tilraun í nágrenni Stykkishólms við að beisla sjávarorku til raforkuframleiðslu. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd hvatti bæjarstjórn til að fylgja eftir vilyrði um að tilraun verði gerði í nágrenni Stykkishólms við að beisla sjávarorku til raforkuframleiðslu.

Lögð er fram skýrsla starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, frá apríl 2024, um bættu orkunýtni og ný tækifæri til orkuöflunar. Í skýrslunni er að finna um 50 tillögur um leiðir til bættrar orkunýtingar og orkuöflunar, meðal annars tillögur sem snúa að nýtingu sjávarorku. Í skýrslunni er bent á mikilvægi þess að huga að undirbúningi héraendis fyrir nýtingu hennar þar sem miklir náttúrulegir möguleikar á beislun sjávarorku eru til staðar á Íslandi og að stefna ætti á það að árið 2040 ætti árleg orkuframleiðsla með sjávarorku við Ísland að vera allt að 200 GWst.

Bæjarráð fagnaði, á 22. fundi sínum, frumkvæði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og niðurstöðum starfshópsins.

Í samræmi við niðurstöðu starfshópsins leggur bæjarráð þunga áherslu á að Orkustofnun hefjist nú þegar handa við vinnu við greinargerðar á nýtingu sjávarorku og á sama tíma að ráðuneytið hefji undirbúningi fyrir hugsanlega nýtingu hennar.

Bæjarráð hvatti á sama tíma Sjávarorku ehf. í samvinnu við Orkusölnuna og Landsvirkjun að taka þátt í verkefnum sem þau telja að geti skilað árangri varðandi rannsóknir og þróun á nýtingu sjávarorku héraendis í samræmi við skýrslu starfshópsins og lýsti yfir vilja og áhuga sveitarfélagsins til að taka þátt í því verkefni.

10. 2104011 - Gjaldskrá Tónlistarskóla Stykkishólms

Lögð fram gjaldskrá Tónlistarskóla Stykkishólms fyrir árin 2024-2025.

Bæjarráð samþykkti, á 22. fundi sínum, gjaldskrá tónlistarskóla fyrir skólaárið 2024-2025 og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta hana.

11. 2405002 - Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2024-2027

Lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2024-2027. Bæjarráð samþykkti, á 22. fundi sínum, Viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2024-2027 og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hann.

12. 2402019 - Starf bæjarritara - auglýsing

Lögð fram tillaga að auglýsingu fjármála- og skrifstofustjóra sveitarfélagsins ásamt starfslýsingu og ráðningaferli.

Bæjarstjóra var, á 22. fundi bæjarráðs, falið að annast undirbúning ráðningar í samræmi við framlagða áætlun og gera tillögu að ráðningu til bæjarstjórnar og halda aðalmönnum í bæjarráði upplýstum í ferlinu.

13. 2402018 - Starf skólastjóra - Tillaga

Á 22. fundi bæjarstjórnar var samþykkt að staða skólastjóra verði auglýst og sama fyrirkomulag verði viðhaft og síðast varðandi ráðningaferli. Starfið var auglýst frá 15. mars til 3. apríl 2024. Bárust tvær umsóknir um stöðu skólastjóra. Bæjarráð samþykkti á 21. fundi sínum tillögu að uppfærðri nálgun á ráðningaferli skólastjóra með það að markmiði að tryggja faglegt, sanngjarnt, gagnsætt og skipulagt ráðningarferli gagnvart báðum umsækjendum í samræmi við minnisblað frá Attentus.

Ráðgjafar Attentus komu til fundar við bæjarráð/hæfninefnd til að gera grein fyrir niðurstöðu sinni á 22. fundi bæjarráðs. Málinu var þá vísað til bæjarstjórnar í samræmi við ráðningarferli.

Lögð fram tillaga bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar um ráðningu skólastjóra.

14. 2404042 - Ársreikningur Sveitarfélagsins Stykkishólms 2023

Lagður fram ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2023 ásamt endurskoðunarskýrslu. Bæjarstjórn samþykkti, á 24. fundi sínum, að vísa ársreikningi Sveitarfélagsins Stykkishólms 2023 til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Bæjarráð samþykkti, á 22. fundi sínum, að vísa ársreikningi til síðar umræðu í bæjarstjórn.

15. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

15.05.2024

Þór Örn Jónsson, bæjarritari.